

KJARASAMNINGUR
milli
Samtaka atvinnulífsins
vegna Leikfélags Reykjavíkur
og
Félags íslenskra listamanna í sviðslistum og kvikmyndum
um kaup og kjör leikmynda- og búningahöfunda

1. gr.

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við kjarasamning FÍL um kaup og kjör leikmynda og búningahöfunda og Samtaka atvinnulífsins vegna Leikfélags Reykjavíkur. Kjarasamningur aðila framlengist og gildir frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024.

2. gr.

Launabreytingar

Launahækkun samningsins er í formi hlutfallshækkunar og hámarks krónutöluhækkunar.

Þann 1. nóvember 2022 taka mánaðarlaun og kauptaxtar almennri hækkun um 6,75%, þó að hámarki kr. 66.000.

Kauptaxtar

Laun og sýningarlaun eru samkvæmt hjálögðum töflum.

Kjaratengdir liðir

Kjaratengdir liðir kjarasamnings hækka um 5% frá 1. nóvember 2022, nema um annað hafi verið samið.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðast við fullt starf verður:

Á árinu 2023 kr. 103.000.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf verður:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2023 kr. 56.000.

Hagvaxtarauki

Með framangreindum hækkunum hefur hagvaxtarauka skv. kjarasamningi aðila, sem koma átti til greiðslu 1. maí 2023, verið flýtt og að fullu efndur. Jafnframt er samkomulag um að með þessari hækkun og flýtingu komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. kjarasamningi 2019-2022.



3. gr.


Afgreiðsla kjarasamnings

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamnings eigi síðar en kl. 12:00 föstudaginn 16. júní 2023.

Reykjavík, 5. júní 2023

F.h. SA vegna Leikfélags Reykjavíkur

F.h. Félags íslenskra listamanna í sviðslitum og kvikmyndum


Kristín Ógmundsdóttir
Lendruendur A. Lendruendur


Þrafurhildur Theodorisdóttir

Kauptaxtar og sýningarlaun á samningstímanum

Launþrep	Einn höfundur Lítið verk	Einn höfundur Meðal verk	Tveir höfundar Meðal verk	Einn höfundur Stór verk	Tveir höfundar Stór verk	Sýninga- laun
1. þrep	2.604.625	3.282.603	2.604.625	4.075.480	3.282.603	8.108
2. þrep	2.662.076	3.397.503	2.662.076	4.247.831	3.397.503	8.483
3. þrep	2.719.526	3.512.404	2.719.526	4.420.181	3.512.404	8.732
4. þrep	2.776.976	3.627.304	2.776.976	4.535.082	3.627.304	8.983
5. þrep	2.834.426	3.742.205	2.834.426	4.649.982	3.742.205	9.480
6. þrep	2.891.877	3.914.555	2.891.877	4.879.783	3.914.555	9.731
7. þrep	2.949.326	4.029.455	2.949.326	5.109.583	4.029.455	10.104
8. þrep	3.006.777	4.144.355	3.006.777	5.224.484	4.144.355	10.479

EBB
10

B7

Fylgiskjal

Með framlengingu á kjarasamningi aðila til 31. janúar 2024 er viðræðum um önnur atriði en launalið í kröfugerð aðila frestað. Aðilar eru sammála um að hefja viðræður um aðrar kröfur eigi síðar en í nóvember 2023.

Á fyrsta fundi verður vinnan skipulögð, metið verður umfang verkefnis og þörf á undirhópum. Gengið verði frá fundaáætlun sem miðast við það að verkefni vinnuhópanna verði lokið þannig að kjarasamningur geti tekið við af kjarasamningi.

